

---

# Sparnaður af Varmadælu

---

Í síðasta Fréttabréfi Lagnafélagsins nr. 117, á blaðsíðu 26, er sagt frá og sýnt með myndum uppsetning á Varmadælu í Fjarðargötu 49 á Þingeyri við Dýrafjörð. **Stærð húss** 313,6m<sup>3</sup> og 128m<sup>2</sup>.


**Varmadæla:** Fujitsu Waterstage 14 kW, loft í vatn, ásamt neysluvatni. Nú eru liðnir fimm mánuðir frá uppsetningu Varmadællunnar, ágúst til desember 2012. Varmadælan tekur varman úr útiloftinu og notar hann til að hita upp vatn sem dælt er hringinn um ofnhitakerfi hússins.

Miðað við þessa uppsetningu reiknast orkusparnaður í kW, eins og línuritið sýnir, bláu súlurnar eru árið 2011, en rauðu súlurnar árið 2012.

**Sparnaðurinn af Varmadællunni er 48,8% - COP 1.95**



*Bjarni G. Einarsson*



---

## Námskeið fyrir eldri borgara

Námskeið fyrir eldri borgara var haldið í nóvember 2012, og þótti takast afar vel.

Á námskeiðið mættu 25 þátttakendur, sem haldið var hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík.

Lögð var sérstök áhersla á að kenna fólki að umgangast stjórnækkin, (ofnloka og hitatermóstöt), sem eru á hitakerfum í húsum og íbúðum þeirra.

Hvernig aðskotahlutir, eins og gluggakistur, gardínur og leðursófar geta lokað inni hitanemann í ofnlokunum, lokað fyrir umhverfishitan í herberginu að umhverfishita ofnlokans.

Þörfin frá fræðslu til notendans er mikil og ekki er vitað til að slík fræðsla hafi farið fram.

Skoði hver fyrir sig sitt umhverfi og kanni sérþekkingu sína á umgengni stjórnækja.

---